

Heilbrigðisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Velferðarnefnd**
Sendandi: **Heilbrigðisráðuneyti**
Dagsetning: **18.02.2019**
Málsnúmer: **HRN19020029**
Bréfalykill: **06.60.12**

Efni: Minnisblað að beiðni velferðarnefndar um frumvarp til laga um ófrjósemisaðgerðir

Með tölvupósti, dags. 5. febrúar sl., óskaði velferðarnefnd eftir minnisblaði frá heilbrigðisráðuneytinu um nánar tiltekin atriði er varða frumvarp til laga um ófrjósemisaðgerðir, sem lagt var fram á haustþingi 2018.

Óskað var eftir svörum við eftirfarandi:

„Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er fjallað um ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum sem eru ólöggráða fyrir æsku sakir. Ekki er í frumvarpinu fjallað um ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum sem hafa verið sviptir lögræði og gætir því nokkurrar óvissu um hvort aðgerðir á þeim einstaklingum séu með öllu óheimilar án samþykkis eða hvort tiltaka þyrfti í frumvarpinu að sömu (ströngu) skilyrði eigi við um þá sem eru ólöggráða og eldri en 18 ára [1]. Þá veltir nefndin því einnig fyrir sér hvort ástæða sé til þess að gera sérstakar kröfur hvað varðar sérfræðiþekkingu þeirra lækna sem taka ákvörðun um ófrjósemisaðgerðir, m.t.t. einstaklinga sem glíma við þroskaskerðingar, seinfærni eða geðsjúkdóma [2]. Þá hefur nefndin velt því upp hvort ástæða sé til að fjalla sérstaklega um fræðslu einstaklinga, og eftir atvikum lögráðamanns, þegar aðgerðir eru framkvæmdar á grundvelli 2. mgr. gr. [3]

Að lokum hefur komið fram sú athugasemd að betur færi á því að 5. gr. laganna myndi vísa sérstaklega til laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009. Óskað er eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort ástæða sé til að tilgreina þau lög einnig í 5. gr.“ [4]

[1] Við gerð frumvarpsins var litið svo á að afnema þyrfti allar heimildir gildandi laga til að framkvæma ófrjósemisaðgerð á fötludum einstaklingi án samþykkis, fyrst og fremst til þess að uppfylla þær kröfur sem fram koma í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (23. gr. og 25. gr.). Þannig gera löggin ráð fyrir að óheimilt sé að framkvæma ófrjósemisaðgerð á einstaklingum, ef að samþykki liggur ekki fyrir. Hvað ólöggráða einstaklinga varðar þá gilda lögræðislögin um slík tilvik, en í ákvæði 58. gr. koma fram heimildir lögráðamanns og segir þar að lögráðamaður sjálfræðissviðs manns geti ekki ákveðið að hann skuli vistaður á stofnun gegn vilja sínum nema lífi eða heilsu hans sé hættu búin að mati læknis. Í lögskýringargögnum kemur fram að heimildin sé bundin við stofnanir sem reknar eru á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu, laga um málefni fatlaðra eða heimili og stofnanir sem reknar eru samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna (síðar barnaverndarlög). Í þessu samhengi verður þó að taka mið af því að lögráðamaður hefur einungis heimildir til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um þá persónuhagi sem hinn sjálfræðissvipti er ófær um að taka sjálfur og segir í athugasemdum við 58. gr. frumvarpsins að leggja beri áherslu á orðalagið nauðsynlegar ákvarðanir og með því sé fyrst og fremst átt við þær ákvarðanir sem eru nauðsynlegar til þess að sjálfræðissviptingin nái tilgangi sínum. Ekki þótti ástæða til að tiltaka þetta sérstaklega í lögnum. Þó væri hægt að vísa í lögræðislögin í 3. gr. frumvarpsins hvað varðar lögræðissvipta, til að taka af allan vafa um þetta atriði. Ákvæði sem þetta þarf eðli málsins samkvæmt að túlka þröng þar sem meginregla frumvarpsins er skýr, þ.e. að ekki skuli framkvæma aðgerðir sem þessar nema með samþykki einstaklingsins.

[2] Samkvæmt frumvarpinu er óheimilt að framkvæma ófrjósemisaðgerð á einstaklingi vegna þroskaskerðingar, seinfærni eða geðsjúkdóma. Ófrjósemisaðgerð á einstaklingi með slíkar raskanir þyrfti að koma til vegna beiðni

viðkomandi, ef um lögráða einstakling er að ræða, eða byggja á heimild lögræðislaga. Til þess að lækni geti lagt mat á ófrjósemisaðgerð hjá einstaklingi með fötlun á borð við þroskaskerðingu, seinfærni eða geðsjúkdóma, þarf hann að búa yfir þeirri sérþekkingu sem þarf til að meta slíkt. Í 13. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn er fjallað um faglegar kröfur og ábyrgð, þ.e. skyldur heilbrigðisstarfsmanns til að sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árverkni og trúmennsku í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma. Í 3. mgr. kemur fram að heilbrigðisstarfsmaður beri ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita og í 4. mgr. segir að heilbrigðisstarfsmaður skuli virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt og mögulegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisstarfsmönnum er samkvæmt fyrrgreindu ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn alltaf ætlað að búa yfir þeirri sérþekkingu sem þarf hverju sinni til að taka ákvarðanir um heilbrigðisþjónustu sjúklings.

[3] Mætti bæta inn í ákvæðið að fræða skuli lögráðamann í tilvikum 2. mgr. 3. gr.

[4] Lög um sjúkraskrár falla undir „annarra laga eftir því sem við á“ í ákvæðinu og óþarft að mati ráðuneytisins að mæta því inn.

Með tölvupósti, dags. 5. febrúar sl., óskaði velferðarnefnd eftir minnisblaði frá heilbrigðisráðuneytinu um nánar tiltekin atriði er varða frumvarp til laga um ófrjósemisaðgerðir, sem lagt var fram á haustþingi 2018.

Óskað var eftir svörum við eftirfarandi:

„Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er fjallað um ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum sem eru ólögráða fyrir æsku sakir. Ekki er í frumvarpinu fjallað um ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum sem hafa verið sviptir lögræði og gætir því nokkurrar óvissu um hvort aðgerðir á þeim einstaklingum séu með öllu óheimilar án samþykkis eða hvort tiltaka þyrfti í frumvarpinu að sömu (ströngu) skilyrði eigi við um þá sem eru ólögráða og eldri en 18 ára [1]. Þá veltir nefndin því einnig fyrir sér hvort ástæða sé til þess að gera sérstakar kröfur hvað varðar sérfræðiþekkingu þeirra lækna sem taka ákvörðun um ófrjósemisaðgerðir, m.t.t. einstaklinga sem glíma við þroskaskerðingar, seinfærni eða geðsjúkdóma [2].

Þá hefur nefndin velt því upp hvort ástæða sé til að fjalla sérstaklega um fræðslu einstaklinga, og eftir atvikum lögráðamanns, þegar aðgerðir eru framkvæmdar á grundvelli 2. mgr. gr. [3]

Að lokum hefur komið fram sú athugasemd að betur færi á því að 5. gr. laganna myndi vísa sérstaklega til laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009. Óskað er eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort ástæða sé til að tilgreina þau lög einnig í 5. gr.“ [4]

[1] Við gerð frumvarpsins var litið svo á að afnema þyrfti allar heimildir gildandi laga til að framkvæma ófrjósemisaðgerð á fötludum einstaklingi án samþykkis, fyrst og fremst til þess að uppfylla þær kröfur sem fram koma í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (23. gr. og 25. gr.). Þannig gera löggin ráð fyrir að óheimilt sé að framkvæma ófrjósemisaðgerð á einstaklingum, ef að samþykki liggur ekki fyrir. Hvað ólögráða einstaklinga varðar þá gilda lögræðislögin um slík tilvik, en í ákvæði 58. gr. koma fram heimildir lögráðamanns og segir þar að lögráðamaður sjálfræðissviðs manns geti ekki ákveðið að hann skuli vistaður á stofnun gegn vilja sínum nema lífi eða heilsu hans sé hættu búin að mati lækni. Í lögskýringargögnum kemur fram að heimildin sé bundin við stofnanir sem reknar eru á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu, laga um málefni fatlaðra eða heimili og stofnanir sem reknar eru samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna (síðar barnaverndarlög). Í þessu samhengi verður þó að taka mið af því að lögráðamaður hefur einungis heimildir til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um þá persónuhagi sem hinn sjálfræðissvipti er ófær um að taka sjálfur og segir í athugasemdum við 58. gr. frumvarpsins að leggja beri áherslu á orðalagið nauðsynlegar ákvarðanir og með því sé fyrst og fremst átt við þær ákvarðanir sem eru nauðsynlegar til þess að sjálfræðissviptingin nái tilgangi sínum. Ekki þótti ástæða til að tiltaka þetta sérstaklega í lögnum. Þó væri hægt að vísa í lögræðislögin í 3. gr. frumvarpsins hvað varðar lögræðissvipta, til að taka af allan vafa um þetta atriði. Ákvæði sem þetta þarf eðli málsins samkvæmt að túlka þröng þar sem meginregla frumvarpsins er skýr, þ.e. að ekki skuli framkvæma aðgerðir sem þessar nema með samþykki einstaklingsins.

[2] Samkvæmt frumvarpinu er óheimilt að framkvæma ófrjósemisaðgerð á einstaklingi vegna þroskaskerðingar, seinfærni eða geðsjúkdóma. Ófrjósemisaðgerð á einstaklingi með slíkar raskanir þyrfti að koma til vegna beiðni

viðkomandi, ef um lögráða einstakling er að ræða, eða byggja á heimild lögræðis laga. Til þess að læknir geti lagt mat á ófrjósemisaðgerð hjá einstaklingi með fötlun á borð við þroskaskerðingu, seinfærni eða geðsjúkdóma, þarf hann að búa yfir þeirri sérþekkingu sem þarf til að meta slíkt. Í 13. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn er fjallað um faglegar kröfur og ábyrgð, þ.e. skyldur heilbrigðisstarfsmanns til að sýna sjúklingi virðingu og sinna störfum sínum af árverkni og trúmennsku í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma. Í 3. mgr. kemur fram að heilbrigðisstarfsmaður beri ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita og í 4. mgr. segir að heilbrigðisstarfsmaður skuli virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt og mögulegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisstarfsmönnum er samkvæmt fyrrgreindu ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn alltaf ætlað að búa yfir þeirri sérþekkingu sem þarf hverju sinni til að taka ákvarðanir um heilbrigðisþjónustu sjúklings.

[3] Mætti bæta inn í ákvæðið að fræða skuli lögráðamann í tilviki 2. mgr. 3. gr.

[4] Lög um sjúkraskrár falla undir „annarra laga eftir því sem við á“ í ákvæðinu og óþarft að mati ráðuneytisins að mæta því inn.